

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, nýtt ákvæði vegna næturklúbba.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að við greinina „Ákvæði fyrir einstaka starfsemi“ undir kaflaheitinu Landnotkunarflokkar í gildandi aðalskipulagi, bætist við eftirfarandi ákvæði: „Rekstur næturklúbba á skipulagssvæðinu er með öllu óheimill, nema þar sem gert er ráð fyrir þeim í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Sbr. 9. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 67/1985, með síðari breytingum er næturklúbbur skilgreindur sem veitingastaður með reglubundna skemmtistarfssemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni.“

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bærstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, Tröllagil.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að opið óbyggjt svæði við gatnamót Borgar- og Hlíðarbrautar breytist í íbúðarsvæði á þann veg að lóð nr. 29 við Tröllagil stækkar til norðurs. Á lóðinni er gert ráð fyrir 9 hæða fjölbýlishúsi þar sem heimilt verður að reka leikskóla á tveimur neðstu hæðunum.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bærstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.